

3. Stjórnarfundur

Stjórnarfundur FUM var haldinn þriðjudaginn 26. apríl kl.16:30 í fundarherbergi á 1. hæð í Odda, Háskóla Íslands.

Mættir voru Guðný Guðbjörnsdóttir, formaður, Amalía Björnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Ragnar Friðrik Ólafsson og Hafþór Guðjónsson. Kristjana Stella Blöndal boðaði veikindaförföll. Formaður ritaði fundargerð í forföllum ritara.

Dagskrá:

1. Tímarit FUM- Dreifing og kynning á útkomnu hefti.

- Ákveðið að koma heftinu í bóksölu stúdenta (GG), í bókabúð MM/Eymundsson (JRA) í bókabúð KHÍ á almenningsbókasöfn, fræðslumiðstöð og nokkur eintök í menntamálaráðuneytið (HG). Amalía hefur sent póst á skóla, leikskóla og hyggst athuga framhaldsnema við KHÍ. Eftir er að kynna ritið meðal framhaldsnema við HÍ og HA, en Stella hafði áður tekið að sér HÍ hópinn. Um 90 eintök eru þegar seld skv. upplýsingum frá Hafþóri gjaldkera.

Ákveðið var að stjórnarmenn rýndu í þetta fyrsta tölublað fyrir næsta fund og að send verði út fréttatilkynning til fjölmiðla eftir þann fund, þegar ritinu hefur verið dreift í búðir. Formaður semur drög að fréttatilkynningu.

2. Tímarit FUM -Ný ritstjórn tímaritsins.

- Ragnar Friðrik Ólafsson, frá Námsmatstofnun hefur tekið að sér að vera ritstjóri tímaritsins, til eins árs. Hann leggur til að Jón Torfi Jónasson frá HÍ og Gretar L. Marinósson, frá KHÍ verði í ritnefnd blaðsins. Fundarmenn voru sammála um að ritstjórnin verði að endurspegla kynjajafnræði og faglega breidd varðandi áherslur, aðferðafræði og aðkomu að menntunarrannsóknum. Ritstjóri mun ræða við þá aðila sem stungið var upp á. Ritstjóra verður greidd þóknun (ákveðin fljótlega) en ekki er gert ráð fyrir að ritnefnd sé launuð. Ritstjóri greindi frá umsókn um styrk til tímaritsins. Lögð er áhersla á að ritstjórn hittist sem fyrst til að ákveða og auglýsa eftir efni í næsta tölublað, sem koma á út á árinu 2005.

3. Umræða um ráðstefnu, form, stað og tímasetningu.

- Rætt var um mögulegar dagsetningar á ráðstefnu FUM sen haldin er annað hvert ár, næst 2005. Ráðstefnu KHÍ hefur verið flýtt til 7. október, og deildarráðstefna félagsvísindadeildar HÍ er síðar í október. Rætt var um að æskileg dagsetning fyrir FUM ráðstefnuna væri seint í nóvember, en ákveðið var að kanna húsnæði í HÍ fyrir laugardagana tólfta, nítjándi og 26. Mikilvægt að ákveða dagsetningar, auglýsa ráðstefnu á póstlista og heimasíðu og skipa ráðstefnustjórn sem allra fyrst. Rætt var um hvort æskilegt væri að hafa ákveðna yfirskrift á ráðstefnunni, en engin ákvörðun tekin.

4. Önnur mál.

-Engin. Fundi slitið 18:20.

-